



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

# Frístundafræðingur á miðstigi

Helga Hjördís Lúðvíksdóttir og Alda Þyri Þórarinsdóttir

Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Skólaárið 2020-2021



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd .....	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra .....	5
4. Mat á verkefninu .....	6
5. Greinargerð um notkun styrkjár .....	7
6. Kynning .....	7
Fylgiskjöl .....	9

## 1. Inngangur

Markmið verkefnisins voru sett fram með félagsfærniþátt Menntastefnu Reykjavíkur að leiðarljósi. Einnig var unnið að öðrum þáttum eins og fagmennsku og samstarfi, virkni barna og þátttöku þeirra, sjálfsefningu og heilbrigði.

Markmiðin sem voru sett fram fyrir upphaf verkefnisins voru eftirfarandi:

- Efla félagsfærni, félagstengsl, sjálfsmynd og virka þátttöku barna í Borgar- og Engjaskóla.
- Greina félagsleg tengsl og meta þau fyrir og eftir sameiningu árganganna þegar þeir eru komnir í Víkurskóla. Meta hvaða áhrif það hefur á nemendur að takast á við breytingar í skóla- og frístundaumhverfinu. Verkefnið er símat og því verður stöðugt leitað leiða til að meta stöðu hópsins jafnóðum, þannig að starfið geti betur mætt þeim áskorunum sem uppi eru hverju sinni.
- Efla starfs- og samstarfsnet þeirra fagaðila sem vinna með börn á miðstigi og búa til heildstæðan og faglegan grunn þar sem unnið er með einstaklinga og hópa bæði á skólatíma og í frítíma en einnig á milli skólastiga.
- Yfirfæra það starf og reynslu sem komin er af stöðu frístundafræðinga á frístundaheimilum á starf félagsmiðstöðva með börnum á miðstigi.

## 2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Haustið 2020 urðu miklar breytingar á skólahaldi í Norður – Grafarvogi en þá var Víkurskóli stofnaður sem safnskóli fyrir unglunga á meðan Engjaskóli og Borgaskóli störfuðu sem barnaskólar. Þessar breytingar voru því óhjákvæmilega valdur að því að börn sum hver þurftu að skipta um skóla og fóta sig í nýjum aðstæðum.

Í gegnum tíðina hefur verið mjög gott samstarf milli skóla og frístundar og það er einn lykilþáttur þegar gerðar eru breytingar á skóla- og frístundastarfi. Þess vegna þótti mikilvægt í ljósi þessara aðstæðna að stuðla að frekara og enn betra samstarfi til þess að takast á við áskoranir sem voru fram undan.

Auk þess sýndu niðurstöður Rannsóknar og Greiningar sem voru unnar í febrúar 2019 að börnum í Vættaskóla og Kelduskóla, sem eru skólarnir sem urðu að þeim skólum sem nefndir eru hér að ofan, leið ekki vel í samanburði við börn í Reykjavík almennt. Í kjölfar alls þessa ákváðu skólastjórar Engjaskóla og Borgaskóla og stjórnendur Gufunesbæjar að sækja um þennan B-hluta styrk þróunarsjóðs SFS.

## Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðvarinnar Vígyn, Helga Hjördís og Magnús Björgvin, ákváðu að skipta frístundafræðingsstöðunni sín á milli. Þau tóku að sér að halda utan um 10-12 ára starf í sitthvorum skólanum, Helga í Borgaskóla og Magnús í Engjaskóla.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Inga Lára, deildarstjóri unglingsstarfs; Stefán, forstöðumaður Vígyn; Álfheiður og Árný, skólastjórar í Engja- og Borgaskóla, Jakob, aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands; Hafsteinn, deildarstjóri Miðstöðvar útivistar og útináms og Gyða, aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Í sameiningu við Gyðu og stjórnendur skólanna var tekin ákvörðun um að leggja skólatengsla skimun fyrir alla nemendur miðstigs bæði í upphafi skólaárs og lok þess. Fjöldi erlendra rannsókna benda til þess að skólatengsl, þ.e. traust samband nemenda við starfsfólk skóla og aðra nemendur, spái fyrir um skólasókn, námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Rannsóknir sýna líka fram á mikilvægi tengsla nemenda við starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundar og samband þessara tengsla við hegðun, líðan og félagsfærni nemenda.

Vegna heimsfaraldursins var viðvera okkar lítil í skólunum fyrri önn skólaársins en við reyndum eftir fremsta megni að vera sýnileg og halda úti starfinu. Eftir áramót tók Alda Þyri við starfi Magnúsar og þar með frístundafræðingsverkefninu líka.

Það tók dágóðan tíma að fá öll tilsett leyfi fyrir skimuninni en hún var loks lögð fyrir í byrjun desember 2020. Svarhlutfallið var um 60% í öðrum skólanum en 78% í hinum. Í skimuninni eiga nemendur að skrá 3 nöfn starfsmanna skóla/félagsmiðstöðvar sem þeim finnst þau tengjast og sömuleiðis 3 nöfn samnemenda. Þeir nemendur sem tilgreindu hvorki tengsl við starfsmann né nemenda voru kallaðir í viðtal við stjórnendur skólanna þar sem markmiðið var að:

- Spjalla við nemandann um hvernig henni/honum líður í skólanum og um sambönd nemandans við kennara, starfsfólk skólans og aðra nemendur. Reynt var að komast að því hvort nemandanum finnst hann/hún í raun og veru ekki tengdur neinum eða hvort hún/hann neitaði að svara skimuninni á sínum tíma, svaraði ósatt, tók skimunina ekki alvarlega o.s.frv.
- Reynt var að komast að því hvort nemandinn tengdist öðrum fullorðnum og jafnöldrum utan skólans og ef svo var voru þau nöfn skráð niður.

Í upphafi skólaárs lögðum við áherslu á að kynnast nemendum vel, við fórum 2x inn í alla bekki með hópefli, við sendum póst á alla kennara á miðstigi til að kynna okkur og reyndum að vera sýnileg á kaffistofum og göngum skólans. Vegna Covid ástandsins var samt erfitt fyrir okkur að vera staðsett í skólunum og þess vegna féll viðvera okkar mikið niður á tímabili en þegar við máttum vorum við dugleg að líta við og hitta á krakkana og kennarana.

Við höfum verið í góðum samskiptum við skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólanna. Við höfum tekið ýmsa hópa í verkefni, og svo dæmi sé tekið erum við með strákahóp í 5. bekk í samskiptaverkefni 1x í viku og einn 6. bekkinn í hópefli og samskiptaleikjum 1x í viku. Þetta er allt í samráði við kennara, bæði umsjónarkennara og sérkennara en svo höfum við líka setið nemendaráðs- og nemendaverndarráðsfundi. Sýnileiki okkar í skólunum jókst til muna eftir áramót og þar náðum við að mynda góð tengsl fyrir næstkomandi skólaár.

## **7. bekkjarverkefnið**

Við sáum alltaf fyrir okkur að stór hluti verkefnisins færi í svipaða vinnu og við höfðum verið í vorið 2020 með 7. bekkinn. Þar sem við færum inn í alla 7. bekki í 80 mínútur í senn, 1x í viku í 8 vikur. Þessi vinna átti að hefjast strax að lokinni skimun og því kom að því eftir áramót að við gátum hafist handa. Markmiðið með verkefninu er að efla samskipti og samvinnuhæfni. Við gerðum okkur grein fyrir því að hóparnir væru mjög ólíkir og reyndum þess vegna alltaf að aðlaga dagskrána okkar að hverjum hópi fyrir sig. Ef við sáum að eitthvað verkefni var ekki nægilega krefjandi eða of krefjandi þá breyttum við um stefnu. Við reyndum að hafa skipulagið þannig að um það bil helmingur hvers tíma færi í einhverskonar verkefnavinnu og hinn helmingurinn í leiki. Fyrst um sinn var áherslan á að læra nöfn krakkanna, kynnast þeim og leyfa þeim að kynnast okkur. Við fórum í ýmsa hópeflisleiki sem reyndu á samskipti og samvinnu en með þeim sáum við fljótt hvar bekkirnir væru staddir. Eitt verkefnið sem við fórum með þeim í var umræða um samskipti þar sem við tókum fyrir jákvæð og neikvæð samskipti og ræddum um hvernig samskipti krakkarnir vilja eiga við hvert annað. Því lauk svo með samskiptasáttmála sem bekkurinn gerði í sameiningu. Annað verkefnið var unnið í hópum þar sem hver hópur átti að byggja turn í sameiningu úr ákveðnum hlutum. Það var mjög misjafnt hvernig gekk þar og reyndi sums staðar mikið á samskiptahæfni. Allir bekkirnir fóru svo hver fyrir sig í leik sem Gufunesbær býður upp á fyrir hópa sem gengur út á að vinna saman til þess að finna mat, sækja eldfæri og á endanum ná því

sameiginlega markmiði að kveikja eld, hita kakó og grilla sykurpúða. Það gekk vonum frammar og krakkarnir skemmtu sér ótrúlega vel.

Verkefnið gaf krökkunum líka tækifæri til þess að mynda tengingu við okkur og þar með við félagsmiðstöðina og okkur finnst mikilvægt að það sé einhver samfella þegar þau fara upp í unglingsdeild og í kjölfarið í nýjan skóla. Þess vegna skipulögðum við síðasta skiptið okkar með þeim þannig að við myndum ganga með þeim upp í Víkurskóla, sýna þeim félagsmiðstöðina og leyfa þeim að prófa allt sem við bjóðum upp á. Við fundum fyrir því að mætingin hjá 7. bekk í félagsmiðstöðina batnaði til muna sem okkur fannst ótrúlega gaman að sjá. Í lok skólaársins fórum við með hópnum öllum í skólabúðir á Reykjum þar sem við kynntumst hverjum og einum mjög vel.

### *3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Verkefnið gerði okkur sýnilegri í miðstigsskólunum og gerði það að verkum að við lögðum meira í 10-12 ára starf okkar. Það hefur veitt okkur góða tengingu bæði við kennara og stjórnendur skólana á sama tíma og það vakti athygli þeirra á faglega starfinu okkar. Að fá tækifæri til að fara með hópnum í skólaferðalag var einnig mjög dýrmæt reynsla. Við vorum þakklát fyrir að þekkja börnin úr báðum skólum vel þegar kom að sameiningu þeirra í unglingsdeild en þau sækja starfið okkar mjög vel nú þegar þau eru komin í 8. bekk.

Við finnum að þessi tenging var dýrmæt fyrir starfið okkar og höfum því ákveðið að vera með fasta viðveru í skólunum 1x í viku. Þar erum við m.a. með opnun í frímínútum fyrir 7.bekk, komum inn í bekki með hópefli og félagsfærni verkefni. Við ætlum svo á skólaárinu 2021-2022 að setja af stað 7. bekkjarráð.

Við teljum að staða frístundafræðings eigi jafn vel við á miðstigi eins og yngsta stigi. Dagskráin sem búin var til fyrir 7.bekki hópastarfið og reyndist okkur vel, má finna í fylgiskjölum þessarar skýrslu. Hún er ítarleg áætlun sem auðvelt er að nýta í hinum ýmsu hópastörfum. Reynsla okkar getur gefið góða mynd af hagnýtingu þess að vera með viðveru í miðstigsskólum. Þar finnst okkur tengsl við stjórnendur og umsjónarkennara mjög mikilvæg sem og auðvitað tengslin við börnin sjálf.

Ávinningur verkefnisins fyrir börnin var að þátttaka þeirra í félagsmiðstöðvarstarfi jókst og nálægð þeirra við félagsmiðstöðvarstarfsmenn líka. Í kjölfar skólatengslaskimunarinnar voru þau börn sem hvorki greindu frá tengslum við

starfsmann né samnemendur boðuð í viðtöl hjá stjórnendum skólanna. Ásamt því náðum við með skimuninni að kortleggja hópinn.

Unnið var með niðurstöður úr rannsókn sem Rannsóknir og greining framkvæmdu í febrúar árið 2019. Auk þess var lögð fyrir skólatengslaskimun í skólunum tveimur. En rannsóknir benda til þess að skólatengsl, þ.e. traust samband nemenda við starfsfólk skóla og aðra nemendur, spái fyrir um skólasókn, námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Rannsóknir sýna líka fram á mikilvægi tengsla nemenda við starfsfólk félagsmiðstöðva og frístundar og samband þessara tengsla við hegðun, líðan og félagsfærni nemenda.

#### 4. *Mat á verkefninu*

Upplýsingum um skólatengsl nemenda bæði við samnemendur og við starfsfólk skóla og frístundar var safnað saman á heildstæðan hátt með svokallaðri *Skólatengslaskimun*, til þess að meta stöðu og líðan nemenda og til þess að finna þá nemendur sem eru í áhættuhópi m.t.t. námsástundunar, félagstengsla og líðanar. Umsjón og ábyrgð á matinu var í höndum Bergljótar Gyðu Guðmundsdóttur, aðjúnkts við Menntavísindasvið HÍ, en gagnasöfnun var í höndum starfsfólks frístundar/grunnskóla, undir leiðsögn Bergljótar Gyðu. Skimunin var lögð fyrir um áramót en ekki tókst að leggja hana fyrir aftur í lok skólaársins.

Við höfum rætt okkar á milli hvernig til tókst og finnum líka mikla kosti í því að þekkja alla þá nemendur sem eru komnir í 8. bekk í Víkurskóla og í unglिंगastarf félagsmiðstöðvarinnar. Eins finnum við fyrir góðri tengingu inn í miðstigs skólana okkar sem gerir okkur auðveldara fyrir að nálgast krakkana á skólatíma. Okkur fannst vel til takast á seinasta skólaári og höfum því fest viðveru í skólunum 1x í viku fyrir hádegi á þessu skólaári.

Haustið 2021 fór árgangurinn yfir í Víkurskóla. Okkur þykir mikilvægt að þær áherslur sem unnið er eftir í þessu verkefni haldi áfram þegar í unglिंगadeildina er komið. Þar munu skólinn og félagsmiðstöðin vinna þétt saman við að laga hópinn að nýjum aðstæðum og tryggja langtímaáhrif þeirra vinnu sem verkefnið á að skila. Mat á stöðu einstaklinganna og hópsins í heild mun halda áfram allt til enda skólaársins 2021 – 22.

Markmið verkefnisins voru.

- *Efla félagsfærni, félagstengsl, sjálfsmynd og virka þátttöku barna í Borga- og Engjaskóla.*

Þetta markmið var uppfyllt. Við lögðum áherslu á alla þessa þætti í okkar starfi og þá sérstaklega í 7.bekk en eins í öllum okkar verkefnum inni í kennslustundum og í opna starfinu.

- *Greina félagsleg tengsl og meta þau fyrir og eftir sameiningu árganganna þegar þeir eru komnir í Víkurskóla. Meta hvaða áhrif það hefur á nemendur að takast á við breytingar í skóla- og frístundaumhverfinu. Verkefnið er símat og því verður stöðugt leitað leiða til að meta stöðu hópsins jafnóðum, þannig að starfið geti betur mætt þeim áskorunum sem uppi eru hverju sinni.*

Félagsleg tengsl árgangana voru greind í desember 2020 en mat á þeim eftir sameiningu í Víkurskóla er ólokið.

- *Efla starfs- og samstarfsnet þeirra fagaðila sem vinna með börn á miðstigi og búa til heildstæðan og faglegan grunn þar sem unnið er með einstaklinga og hópa bæði á skólatíma og í frítíma en einnig á milli skólastiga.*

Það er okkar mat að þetta markmið hafi verið uppfyllt. Við störfum nú í nánari samstarfi en áður við þá fagaðila sem starfa í miðstigsskólunum. Við vinnum með hópana bæði í frítíma og á skólatíma. Við erum nú þegar byrjuð að hefja undirbúning fyrir næsta skólaár fyrir núverandi 7.bekk og flutning þeirra yfir í unglingskóla.

- *Yfirfæra það starf og reynslu sem komin er af stöðu frístundafræðinga á frístundaheimilum á starf félagsmiðstöðva með börnum á miðstigi.*

## 5. Greinargerð um notkun styrkjár

4 milljónir fengust í verkefnið og styrknum var ráðstafað þannig að:

- Launagreiðslur: 2.839.474 kr.
- Greiðsla til HÍ: 250.000 kr.
- Kostnaður við leigu á bíl v/ ferðar á Reyki: 33.562 kr.
- Matvara v/ Gufuneseyju og Reyki: 9.321 kr.

## 6. Kynning

Verkefnið var kynnt á Menntastefnumóti Reykjavíkurborgar:

<https://menntastefnumot.velkomin.is/vidburdur/fristundafrædingarmidstigi>



Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Afurð verkefnisins er verkefnalýsing á 7. bekkjarverkefninu. Þar má finna áætlun og lýsingu á verkefnum og leikjum.

## Fylgiskjöl

### 7. bekkjarverkefni

Tími	Verkefni
1	Hópefli: Nafn og hreyfing + skemmtanastjórinn + Lukku láki + klappleikurinn + Magga leikur
2	Góð og slæm samskipti. Plaköt og post- it miðar. + Ég er einstök/einstakur + Húllahelíum + húlla hringur heilan hring (hendur saman) + spjall göngutúr og frásögn
3	Samskiptasáttmáli. + Snjóboltastríð + Hvað eigum við sameiginlegt? (skipta um sæti) + speed friending
4	Gufuneseyjan
5	Spagettí + sykurlúða áskorunin + frjálst
6	Hrósdagur. Hvað eru jákvæðir eiginleikar? Þankahríð upp á töflu. + Hrósspjöld (2 fyrir sig + 2 fyrir aðra) + Teiknileikurinn
7	Varúlfur + more than one story
8	Heimsókn í Vígyn

#### Lýsing á leikjum/verkefnum:

**Ég er einstök/einstakur:** Markmiðið að finna eitthvað sem gerir hvern og einn einstakan innan hópsins. Allir sitja í hring og einn í einu segir eina staðreynd um sig sem hann telur gera sig einstakan. Ef einhverjir innan hópsins eiga þetta sameiginlegt með honum verða þeir að standa upp og taka sér stöðu fyrir aftan stólinn hans. Sá sem er að gera verður að finna nýjar staðreyndir um sjálfan sig þangað til að enginn stendur fyrir aftan hann. Þá fær næsti að gera og svona gengur þetta allan hringinn. Dæmi: Ég talaþrjú tungumál” – þeir sem tala þrjú tungumál mynda þá röð fyrir aftan stólinn.

**Góð og slæm samskipti.** Plaköt og post- it miðar: Tókum með okkur post-it miða og plaköt. Á öðru plakatinu stóð: Hvað eru góð samskipti? og á hinu stóð: Hvað eru slæm samskipti? Hver og einn svaraði spurningunni á post it miða sem þau límdu svo á plakatið. Sjá mynd 1.

**Göngutúr og spjall:** Nemendum er raðað í pör sem eiga að ganga saman í hring um skólalóðina og annar á að spyrja spurninga og komast að einhverju nýju um félagan sinn. Hann þarf að fylgjast vel með og hlusta því þegar inn er komið verður hann að segja hinum frá því sem hann lærði um félagan sinn á göngunni. Síðan fara pörin aftur út og þá skipta nemendur um hlutverk.

**Gufuneseyjan:** Leikur sem Gufunesbær býður upp á fyrir hópa sem gengur út á að vinna saman til þess að finna mat, sækja eldfæri og á endanum ná því sameiginlega markmiði að kveikja eld, hita kakó og grilla sykurlúða.

**Hrósspjöld:** Hér förum við yfir hvernig hægt er að hrósa öðrum og sýnum þeim hrósspjöldin sem eru í miðjunni á hringnum. Allir velja svo tvö hrósspjöld fyrir sig

og útskýra af hverju þeir völdu þau. Dæmi: „Ég er skipulögð af því að...“ Svo velja allir eitt spjald fyrir aðilann hægra megin við sig og annað fyrir þann sem er vinstra megin. Þeir horfa á þá einstaklinga og segja: „Þú ert jákvæður af því að...“

**Húllahelíum:** Samvinnuleikur sem gengur út á það að vinna saman við að koma húllahring í gólfíð. Í fimm manna hópum mynda nemendur hring utan um húllahringinn og halda á honum með einum fingri hver. Fingurnir þurfa að snerta húllahringinn allan tímann og ef einn nemandi missir sinn fingur frá þá þarf liðið að byrja aftur. Leikurinn kallast húllahelíum þar sem það virðist stundum vera eins og það sé helíum í hringnum og hann leitar sífellt upp.

**Hvað eru jákvæðir eiginleikar? Þankahríð upp á töflu:** Spurningunni „Hvað eru jákvæðir eiginleikar“ varpað fram og nemandur beðnir um að svara. Við skrifuðum svörin upp á töfluna og komum einnig fram með nokkra eiginleika til að koma umræðunni af stað.

**Hvað eigum við sameiginlegt?** Allir sitja á stólum í hring og einn stendur í miðjunni. Sá sem er í miðjunni segir eina staðreynd um sjálfan sig og þeir sem eiga það sameiginlegt eiga að vera fljótir að skipta um sæti. Sá sem í miðjunni stendur á að reyna að ná sæti sem losnar á meðan. Ef enginn stendur upp verður þessi í miðjunni að finna eitthvað nýtt til að segja. Dæmi: „Ég á kisu“ – allir sem eiga kisu skipta um sæti.

**Lukkuláki:** Fjörleikur þar sem við leggjum áfram áherslu á nöfnin. Einn nemandi er í miðjunni á hring og bendir á einhvern í hringnum, skýtur með því að segja nafn viðkomandi, sá beygir sig niður og þeir sem eru sitthvoru megin við snúa sér í hring og skjóta a hvorn annan. Sá sem er fyrstur til að skjóta hinn (með því að segja nafn viðkomandi) vinnur. Þannig dettur einn og einn úr leiknum.

**Nafn og hreyfing:** Einn í einu segir nafn sitt og gerir eina hreyfingu. Í kjölfarið segir hópurinn nafnið og leikur hreyfinguna eftir.

**Nafnarugl:** Allir byrja með sitt nafn, heilsa svo öðrum nemenda: „Hæ ég heiti...“ og hinn nemandinn svarar með sínu nafni. Þá taka nemendurnir upp nafn þess sem þau voru að heilsa. Leikurinn gengur áfram þar til nemandur fá sitt raunverulega nafn, þá stíga þeir til hliðar. Leikurinn gengur bara upp ef allir ná að komast úr hringnum. Erfiður leikur sem gengur sjaldan upp í fyrstu skiptin en góður til að æfa virka hlustun.

**Magga leikur:** Nemendur byrja í hring og láta einhvern hlut ganga á meðan tónlist er í gangi. Þegar tónlistin svo stoppar er sá sem heldur á „sprengjunni“ úr leik og leggst þá eða sest í gólfíð, en áfram í hringnum. Það er bannað að rétta „sprengjuna“ yfir þá sem eru úr leik og því þurfa þeir sem eru við hlið þeirra að hoppa yfir þau til að rétta hana. Úr verður mikið fjör þegar margir eru úr og sá sem er með „sprengjuna“ þarf að hoppa yfir marga til að rétta hana áfram.

**Samskiptasáttmáli:** Byrjuðum á að rifja upp samskipti, góð og slæm. Við útbjuggum svo samskiptasáttmála þar sem krakkarnir byrjuðu á að skrifa í einrúmi þrennt sem þeim fannst mikilvægt að ætti að koma fram í sáttmálanum. Þeim var svo skipt í hópa og áttu að segja hópnum sínum frá sínum hugmyndum og velja sameiginlega þrjú atriði sem þau myndu segja upphátt í lokin. Við fengum svo hugmyndirnar frá hópnum og skrifuðum upp á töflu það sem krakkarnir vildu hafa í sáttmálanum. Það gekk vel og úr varð stórfinn sáttmáli þar sem orðin “bannað” og “ekki” komu ekki fram í sáttmálanum.

**Skemmtanastjórinn:** Nemendur fara í hring og einn fer fram á meðan aðrir ákveða hver fer með hlutverk skemmtanastjóra sem stjórnar hreyfingum hópsins. Þegar sá sem fór fram kemur inn fer hann í miðjuna og á að finna út hver skemmtanastjórinn er. Aðrir nemendur þurfa að fylgjast vel með því hvenær skemmtanastjórinn skiptir um hreyfingu og skemmtanastjórinn þarf að passa sig að vera ekki of augljós við það.

**Snjóboltastríð:** Allir skrifa nafnið sitt á blað og krumpa blaðið í snjóbolta. Svo hefst snjóboltastríð. Þegar við segjum stopp taka allir upp eitt blað og spyrja þann aðila sem á nafnið í snjóboltanum að spurningu sem við leggjum fyrir. Nemendur skrifa svarið þeirra á blaðið sem síðan er krumpað að nýju og annað snjóboltastríð hefst.

**Spagettí + sykurpúða áskorunin:**

[https://www.youtube.com/watch?v=H0\\_yKBitO8M&t=179s](https://www.youtube.com/watch?v=H0_yKBitO8M&t=179s)

**Teiknileikur:** Allir hjálpast að við að teikna sjálfsmynd af öllum. Helmingur hópsins sest í innrihring og allir fá blað sem þeir merkja með eigin nafni. Í ytri hring setjast nemendur á móti þeim sem eru í innri hringnum. Ytri hringurinn á að teikna þann sem situr á móti þeim en hefur aðeins 40 sekúndur til þess. Þá færast allir um einn rass og teikna þann sem nú situr á móti þeim. Svona gengur þetta hringinn þar til allir hafa teiknað alla.